Fundur Fjölmenningarráðs 7. mars 2023, kl. 17:00
Haldinn í fjölnotasal Bókasafns Hafnarfjarðar

Fundinn sátu: Anna Karen Svövudóttir, Laura Cervera, Sylwia Baginska og Aleksandra Julia Wegrzyniak.

Einnig sat starfsmaður fjölmenningarráðs, Ólafía Björk Ívarsdóttir, fundinn.

Fundargerð ritaði: Aleksandra Julia Wegrzyniak

Dagskrá:

1. **Fundur með Heilsubænum Hafnarfirði**
2. **Bókun af fundi Fjölskylduráðs um að skoða eigi hvort fjölga eigi fundum í fjölmenningarráði**
3. **Önnur mál**

Fjölmenningarráði mætir á fund með Heilsubænum Hafnarfjörður 13. mars nk. Fjölmenningarráð ætlar að kynna hlutverkið sitt og núverandi verkefni sem er að safna saman upplýsingum um tómstundir fyrir fullorðna í Hafnarfirði með áherslu á innflytjendur og gefa út bækling. Fjölmenningarráð ætlar að kanna hvort Heilsubærinn Hafnarfjörður hefur áhuga á samstarfi í verkefninu og hvað stýrihópnum finnst um slíkan bækling. Á vef Hafnarfjarðarbæjar er svipað verkefni þar sem upplýsingum um íþróttir og tómstundir í Hafnarfirði eru flokkað eftir aldri og birt inn á hafnarfjordur.is.

Fjölskylduráð óskaði á fundi sínum 21. febrúar sl. eftir að reglur um Fjölmenningaráð verði teknar til skoðunar hjá Fjölmenningarráði og hvort ætti að fjölga fundum í ráði. Fjölmenningarráð er með fyrirhugað 9 fundi á ári eins og er. Afgreiðslu erindis er frestað til næsta fundar.

Fjölmenningarráð skoðar nýjan vef Hafarfjarðarbæjar á ensku sem er enn í vinnslu.
Einnig skoðar þýðingar gegnum „google translate“ sem eru í boði á vefsíðunni á annað tungumál. Í fjölmenningarráði eru pólskumælandi einstaklingar og að þeirra mati þarf að skoða betur hvernig vefurinn þýðist sjálfkrafa t.d. á pólsku.

Fleira var ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.